

**Sp.**

**164. Nefndarálit**

[1. mál]

um frv. til fjárlaga fyrir árið 1977.

Frá minni hl. fjárveitinganefndar.

Fjárveitinganefnd afgreiddi fjárlagafrv. til 2. umræðu á fundi s.l. laugardag á þeim forsendum fyrst og fremst, hversu skammur tími er þar til þingi lýkur fyrir jól.

Nefndin flytur sameiginlega brtt. á þskj. 162, en minni hluti nefndarinnar hefur óbundnar hendur um einstakar brtt. og hefur áskilið sér rétt til að flytja brtt. eða fylgja brtt., sem fram kunna að koma.

Fulltrúar Þjóðhagsstofnunar komu á fund fjárveitinganefndar s.l. laugardag og lögðu fram upplýsingar um framvindu efnahagsmála á árinu 1976 og horfur á næsta ári. Endurskoðuð tekjuáætlun fjárlagafrv. liggur þó ekki fyrir, enda hefur boðað frumvarp um breytingar á tekjuskattslögum ekki verið lagt fram enn. Er því ekki ljóst, hver er áætluð staða ríkissjóðs á næsta ári, og flytur minni hluti fjárveitinganefndar sem heild því ekki breytingartillögur við frv. fyrir 2. umræðu.

Mörg veigamikil mál biða 3. umræðu: Tekjuáætlun, málefni Pósts og síma, Rafmagnsveitna ríkisins, Orkusjóðs, héraðsskóla, Íþróttasjóðs, eftirlaunagreiðslur, skipting fjárveitinga til flugmála, ferjubryggna og sjóvarnargarða, og auk þess ýmis erindi.

Þar við bætist að frumvörp, sem boðað hefur verið að verði grundvöllur mikilsverðra þátta í fjárlagaafgreiðslu, hafa ekki verið lögð fram, þegar nefndin lýkur störfum fyrir 2. umræðu. Það er æðilangt síðan hæstv. fjármálaráðherra tilkynnti Alþingi og þjóðinni allri, að breytingar yrðu gerðar á tekjuskattslögum. Við 3. umr. um fjárlagafrv. í des. 1974 var boðað að á vorþingi 1975 yrðu kynntar tillögur um nýskipan tekjuskattsmála og að afstaða til þeirra yrði tekin á þingi 1974—1975 eða þingi 1975—1976.

Ekki hólaði á neinum tillögum fyrir en vorið 1976, að hugmyndir voru sendar þingflokkunum og tekið fram að ætlunin væri að leggja þær fyrir Alþingi áður en þingi lyki s.l. vor. Ekkert varð af því. Enn nýjar tillögur voru sendar þingflokkunum fyrir skömmu, en þrátt fyrir að fjárveitinganefnd hafi lokið störfum fyrir 2. umræðu um fjárlagafrumvarpið og eigi að fjalla um fjárlagaafgreiðsluna í nefndarálitum, hafa þær tillögur, sem boðaðar eru í greinargerð frumvarpsins sem grundvöllur skattálagningar á næsta ári, enn ekki séð dagsins ljós á Alþingi.

Í greinargerð fjárlagafrumvarpsins segir: „Lánsfjáráætlun 1977 verður lögð fram á Alþingi fyrir eða um miðjan nóvember. Lánsfjáráætlun er til þess gerð, að um leið og fjárlagaákvæðanir eru teknar fáist skipuleg yfirsýn um lánastarfsemina í

landinu og erlendar lántökur þjóðarinnar.“ Þótt komið sé fram í miðjan desember og fjárveitinganefnd hafi lokið störfum fyrir 2. umræðu bólar ekkert á lánsfjár-  
áætluninni.

Samkvæmt lögum á starfsmannaskrá að fylgja fjárlagafrv. Svo var ekki gert nú í haust, en hæstv. fjármálaráðherra sagði af því tilefni í fjárlagaræðu 28. okt. s. l.: „Skráin mun verða afhent þingmönnum eftir u.þ.b. vikutíma.“ Hún hefur ekki sést enn.

Í greinargerð fjárlagafrv. á bls. 158 segir:

„Ríkisstjórnin hyggst koma breyttri skipan á fjármál og skiptingu kostnaðar af sjúkratryggingum, sem hafi það meginmarkmið að samhæfa betur stjórnaraðild og fjárhagslega ábyrgð á heilbrigðisþjónustunni í landinu. Í þessu frumvarpi hefur verið stigið það skref, að áætlaður kostnaður af ríkisspítölunum verði færður í A-hluta fjárlaga, og er þá reiknað með því, að ríkið kosti stofnanir þessar að öllu leyti. Hins vegar hefur í B-hluta verið reiknað með því, að sveitarfélögin greiði hluta sinn af heildarkostnaði sjúkratrygginga samkvæmt gildandi reglum, og jafnframt verði 1 200 m.kr. af kostnaðinum bornar af fjáröflun, sem samsvari núverandi 1% sjúkratryggingagjaldi af útsvarstofni. Í frumvarpinu er ekki tekin afstaða til þess, hvort þessi fjáröflun verði á vegum ríkisins eða sveitarfélaga, enda hlýtur sú ákvörðun að biða niðurstöðu viðuræðna, sem áformaðar eru um fjárhagslegt skipulag sjúkratrygginganna og skiptingu kostnaðar af þeim milli ríkis og sveitarfélaga. Þá virðist einnig brýnt í þessu sambandi að endurskoða reglur um þátttöku hins opinbera í kostnaði af hinum ýmsu þáttum heilbrigðisþjónustunnar. Áður en endanleg afgreiðsla fjárlagafrumvarpsins fer fram mun heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra leggja fram tillögu um nauðsynlegar breytingar á tryggingalöggjöf, sem tryggir fyrirhugaða nýskipan.“

Hér eru boðaðar verulegar breytingar á tilhögum rekstrar ríkisspítala og á ákvæðum laga um almannatryggingar að því er tekur til fjárhagslegra samskipta ríkis og sveitarfélaga, bæði varðandi greiðslur sjúkratrygginga og álagningu sjúkratryggingagjalds. Fjárveitinganefnd er þó látin ljúka störfum fyrir 2. umr. og gert að skila nefndaráliti án þess að frumvarpið um breytingar á tryggingalöggjöfinni sé lagt fram eða nefndinni hafi verið veittar nokkrar minnstu upplýsingar um þessar fyrirhuguðu breytingar.

Í greinargerð með fjárlagafrv. á bls. 159 segir: „Gert er ráð fyrir afgreiðslu vegáætlunar samtímis afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1977, og mun samgönguráðherra leggja hana fram í nóvembermánuði n. k.“

Vegáætlun hefur enn ekki verið lögð fram um miðjan desember, þegar fjárveitinganefnd hefur lokið störfum fyrir 2. umræðu. Vegáætlun verður ekki afgreidd fyrir áramót, og engin vegáætlun verður því í gildi þegar nýtt ár hefst.

Eins og framangreind dæmi sýna, er þannig staðið að afgreiðslu fjárlaga, að óviðunandi er. Ræður þar mestu um ráðleysi ríkisstjórnarinnar við ákvarðanatöku og dáðleysi við að fylgja fram málum. Er sýnt að ekki er einhlítt að styðjast við fjölmennit lið á þingi. Væri þinghléið ekki framundan, velktust mál óendanlega innan þingflokka stjórnarinnar. Helst er treyst á það af ríkisstjórninni, að tíma-  
brakið yfirbugi að lokum ráðleysið.

Ríkisstjórn Sjálfstæðisflokksins og Framsóknarflokksins hóf feril sinn með gengislækkun og hækkun söluskatts um 2 stig. Stórhækkun neysluskatta hefur síðan einkennt stjórnarstefnuna. Til viðbótar gengislækkunum, hækkun söluskatts og álagningu vörugjalds er markvisst hirtur í ríkissjóð hver skattur, sem á hefur verið lagður til að mæta sérstökum áföllum, svo sem viðlagagjald og oliugjald. Er svo komið í þessum efnum, að gert er ráð fyrir því í fjárlagafrv. að skattar af innflutningi, seldum vörum og þjónustu og af vörugjaldi nemi á næsta ári um 45 000 milli. kr. hærri upphæð en í fjárlögum 1974.

Þessi gífurlega aukning neysluskatta, sem veldur margvíslegri upphleðslu álagningar og annarra gjalda í vöruverði og beinlínis ræktar verðbólgu, er ein höfuð-

ástæðan fyrir stórminnkuðum kaupmætti launa almennings og bitnar harðast á þeim, sem minnst mega sín í þjóðfélaginu.

Þessari stórauknu skattheimtu hefur þó ekki verið varið til að auka samfélagslegar framkvæmdir og þjónustu né kaupmátt lífeyrisgreiðslna almannatrygginga. Þvert á móti hefur úr hvoru tveggja verið dregið í tíð núv. ríkisstjórnar.

Raunhæf byggðastefna, sem framfylgt var með því að veita aukið framkvæmdafé úr ríkissjóði til að efla sveitarfélög, lífvænlega framleiðslustaði úti á landsbyggðinni, hefur í tíð núverandi ríkisstjórnar verið að verulegu leyti lögð til hliðar. Slikar greiðslur hafa verið rýrðar að raungildi eftir að hægri stjórnin tók við völdum, og þrátt fyrir bættar ytri aðstæður nú er slikri niðurskurðarstefnu haldið áfram, samtímis því að stóraukin rekstrargjöld gleypa æ stærri hluta vaxandi skattheimtu.

Rekstur ríkissjóðs á árinu 1975, fyrsta heila stjórnarári hægri stjórnarinnar, var stórfellt stjórnunarslys, sem lengi mun í minnum haft. Óraunhæf fjárlagagerð haustið 1974, algert eftirlitsleysi og stjórnleysi varðandi ríkisútgjöld olli því, að þrátt fyrir enn nýjar skattheimturáðstafanir, m. a. með lögfestingu vörugjalds til viðbótar þeim sköttum, sem gert var ráð fyrir í fjárlögum, varð rekstrarhalli ríkissjóðs ríflega 7 500 millj. kr., en það svarar til um 10 000 millj. kr. á núgildandi verðlagi. Það staðfestir best, hvernig staðið var að stjórn ríkisfjármálanna, að sá, sem þeim stjórnaði, taldi á miðju ári 1975 að eftir álagningu vörugjalds yrði rekstur ríkissjóðs hallalaus, í byrjun okt. að hallinn yrði 770 millj., í lok okt. að hallinn yrði 1 270 millj., í des. 3 500 millj. og eftir árslok að hann yrði 5 000 millj. kr. Þessi eindæma meðferð fjármála olli því að skuld ríkissjóðs við Seðlabankann jókst í 10 000 millj. kr. og vaxtagreiðslur stórhækkuðu.

Lánardrottnar ríkissjóðs hafa í kjölfar þessarar frammistöðu getað knúið fram að ráðstafanir væru gerðar til að betur væri á þessu ári staðið að eftirliti með útgjöldum og afkomu ríkissjóðs. Horfði þó svo s. l. vor um rekstur ríkissjóðs, að í stað áætlaðs rekstrarafgangs yrði um hallarekstur að ræða einnig á þessu ári, þrátt fyrir að ytri aðstæður reyndust verulega hagstæðari en gert var ráð fyrir við gerð fjárlaga. Varð því enn að grípa til aukinnar skattheimtu í maí með ákvörðun um hækkun vörugjalds úr 12% í 18%. Skyldi sú skattheimta gilda allt árið, enda þótt gjaldið hefði að óbreyttum lögum átt að lækka í 6% hinn 1. sept. á þessu ári. Má því ætla, að vegna þessara aðgerða allra verði rekstrarjöfnuður ríkissjóðs á þessu ári meir í samræmi við fjárlög en reyndin varð á s. l. ári.

Þótt betur horfi nú um afkomu ríkissjóðs en á sama tíma í fyrra, er ljóst, að enn er við að kljást afleiðingarnar af stjórnunarslysinu mikla í ríkisfjármálum 1975, stórfelldri úþpenslu rekstrarliða, skuldaföfnun og þungri vaxtabyrði af þeim sökum.

Á fjárlögum fyrir árið 1975 hækkuðu liðirnir önnur rekstrargjöld um 86.2%, og í fjárlagafrv. fyrir næsta ár er gert ráð fyrir að þessi útgjöld aukist um 58.2% á sama tíma og almennt verðlag hækkar í ár um 30%. Frá fjárlagafrv. fyrir árið 1974 og til fjárlagafrv. fyrir árið 1977 hækkar liðurinn önnur rekstrargjöld um 10 600 millj. kr. og væri um 4 000 millj. kr. lægri í fjárlögum næsta árs, ef látið hefði verið nægja, að þessi útgjöld hækkuðu til jafns við almennt verðlag í landinu. Þessi mismunur svarar til ríflega helmingis af öllum tekjuskatti einstaklinga á þessu ári.

Vaxtagjöld í A- og B-hluta fjárlagafrv. fyrir næsta ár eru áætluð 8 373 millj. kr. og hafa hækkað um 6 711 millj. kr. frá 1974. Vaxtagjöldin verða á næsta ári um 3 800 millj. kr. hærri en á þessu ári.

Þessar stórfelldu hækkanir rekstrargjalda setja mark sitt á fjárlagaafgreiðsluna nú eins og fyrr í tíð núv. ríkisstjórnar. Og þrátt fyrir verulega bætt viðskiptakjör og auknar þjóðartekjur á þessu ári og áætlaða aukningu á hinu næsta er ákvörðun stjórnarflokkaanna sú að halda enn í fullu gildi niðurskurði á verklegum framkvæmdum. Sá niðurskurður, sem stjórnarflokkarnir afsökuðu með versnandi ytri aðstæðum við fyrri fjárlagaafgreiðslur sínar, skal haldast í fullu gildi þrátt fyrir allt aðrar aðstæður og útlit nú.

Í ákvörðun meiri hluta fjárveitinganefndar um heildarfjárveitingar til byggingar sjúkranusa, heilsugæslustöðva og læknaþustaða gætir sömu sjónarmiða og raðandi hata verið í allri ijarlagagerð núv. ríkisstjórnar frá upphafi valdaterils hennar — þ. e. a. s. að mjög verulega er dregið úr öllum þeim framkvæmdum, sem lúta að heilbrigðismálum, menntamálum, tryggingamálum og öðrum félagslegum málaflökkum.

Samkvæmt nýjustu spám Þjóðhagsstofnunar er ráð fyrir því gert, að almenn verðlagshækkun á yfirstandandi ári muni nema um 30%. Samkvæmt tillögu meiri hl. fjárveitinganefndar eiga framlög til byggingar sjúkrahúsa og heilsugæslustöðva þó ekki að hækka nema um rösk 28% miðað við fjárveitingar yfirstandandi árs. M. ö. o. eru það færri jafnvirðiskrónur, sem nú er lagt til að varið verði til framkvæmda í heilbrigðismálum, en fólust í síðustu fjárlagaafgreiðslu, hvað þá að ráð sé gert fyrir þeirri verðlagshækkun á árinu 1977, sem þó er látið í veðri vaka í athugasemdum frv. að tillit sé tekið til. Sú fjárhæð, 956.3 millj. kr., sem meiri hl. fjv. leggur til að varið verði til framkvæmda við sjúkrahús og heilsugæslustöðvar og til byggingar læknaþustaða, er aðeins um 62% af þeim tillögum, sem heilbrigðismálaráðuneytið sjálf lagði fram, og um 69% af tillögum ráðuneytisins ef undanskildar eru þær framkvæmdir, sem að engu er sinnt í tillögum meiri hlutans. Ljóst hlýtur því að vera, að fjárframlög þessi muni að öllum likindum hvergi nærri nægja til þess að ljúka þeim framkvæmdaáföngum, sem þeim er ætlað að kosta.

Þá er ekki síður athyglisvert, hvaða framkvæmdir það eru í þessum málaflökki, sem meiri hluti fjárveitinganefndar hefur afráðið að taka alls ekkert tillit til við afgreiðslu fjárlaga. Hér er fyrst og fremst um að ræða framkvæmdir við heilsugæslustöðvar og læknamóttökur á þeim dreifbýlisstöðum þar sem öll heilsugæslu- aðstaða er hvað erfiðust. Þannig eru frá upphaflegum tillögum algerlega felldar niður fjárveitingar til heilsugæslustöðva í Borgarnesi, Ólafsvík, Stykkishólmi, Hólma- vik, á Hvammstanga, í Hrísey, á Þórshöfn og í Laugarási, svo nokkur dæmi séu nefnd. Er þessi afgreiðsla meiri hl. fjv. ekki síst athyglisverð fyrir þá sök, að a. m. k. annar þeirra flokka, sem meiri hlutann mynda, hefur sérstaklega kennt sig við byggðastefnu og látið í veðri vaka, að hann hefði öðrum flokkum fremur skilning á þeim vanda, ekki hvað síst í heilsugæslumálum, sem fólk í dreifbýli á við að stríða.

Þá hlýtur athygli manna einnig að beinast að því, að í þessum málaflökki, eins og flestum öðrum, er enn enga heildarmynd hægt að sjá þótt komið sé að 2. umr. fjárlagafrv., þar eð engar tillögur hafa enn verið gerðar um framkvæmdir við ríkis- spítala. Eru því enn óafgreidd stórmál, svo sem hvernig meiri hlutinn hyggst bregðast við áskorunum utan þings og innan um framkvæmdir við Geðdeild Landsspítalans, og tillaga þingmanna um gerð sundlaugar við Grensásdeild hefur enn enga alvarlega athugun fengið hjá fjárveitinganefnd, þótt sú tillaga hafi verið lögð fram snemma í haust.

Í niðurskurði á fjárveitingum til skólabygginga var svo langt gengið s. l. tvö ár, að engum nýjum framkvæmdum var hleypt af stað á grunnskólastigi, hversu brýn sem þörfin var, og vandanum því velt yfir á framtíðina, þegar allt lendir í óefni sakir stöðvunarstefnunnar.

Nú var að lokum látið undan þrýstingi með ýmis óumflýjanleg verkefni, en þá með þeim endemum að skera varð stórlega niður fjárveitingar til áður hafinna framkvæmda og veita hinum nýju allsendis ófullnægjandi fyrirgreiðslu, svo að víða leikur vafi á, að unnt reynist að hefjast handa. Fjárveitingaramminn í frumvarpinu var enda svo þröngur, að hann dugði ekki einu sinni til fullra framhaldsfjárveit- inga.

Ekki er glæsilegri myndin, þegar litið er til héraðsskólanna, sem enn gegna mikilvægu hlutverki í menntunarmálum landsbyggðarinnar. Þar gerði frumvarpið ráð fyrir innan við 2% hækkun milli ára til framkvæmda, þó að a. m. k. tvö skóla-

setur þarfnist mikilla viðbótarfjárveitinga til að vera starfhæf. Enn skal þó treyst á einhverja lagfæringu fyrir 3. umræðu.

Ömurlegasta meðferð fá þó dagvistarheimilin og leikskólarnir. Þar virðist beinlínis að því stefnt að haga fjárveitingum svo, að lögín um ríkisaðstoð verði sá hemill, að unnt verði að afnema þau í stað þess að örva til framkvæmda, eins og þau gerðu ótvírætt fyrst eftir setningu þeirra og var eðlilega aðaltilgangur þeirra. Fjárlagaupphæðin í fyrra, 65 millj., var hrein háðungartala, en hún átti þó sína skýringu, því þá stóð til að fella allan byggingarstyrk niður af ríkisins hálfu og færa verkefnið alfarið yfir á sveitarfélögin. Svo varð þó ekki, en upphæðin breyttist ekki að heldur, og í frumvarpinu nú var eins og allt sæti við það sama um áformin, því nú var aðeins gert ráð fyrir 85 millj. kr. Margniðurskorin brýnasta þörf var áætluð um 180 millj. kr., en niðurstaðan varð 110 millj. kr. eða einungis rúmlega 60%. Sami háttur var svo á hafður og um skólana: framkvæmdatíminn verður með sama áframhaldi 8—10 ár í stað fjögurra, svo sem lögín segja til um.

Íþróttastarfsemin er einn veigamesti þátturinn í félagslífi ungmenna hvarvetna á landinu og reyndar margra hinna eldri einnig á ýmsum sviðum. Eftir afgreiðslu Alþingis á málum Íþróttasjóðs á fjárlögum fyrir árin 1973 og 1974 var þess vænst, að málefni sjóðsins, sem á að greiða 40% af stofnkostnaði íþróttamannvirkja, væru að komast í viðunandi horf og hlutur Íþróttasjóðs yrði að jafnaði greiddur á fjórum árum eftir að viðkomandi framkvæmd hefði hlotið fyrstu fjárveitingu í fjárlögum.

Þessar vonir hafa brugðist með öllu, og málefni Íþróttasjóðs eru nú þegar við þriðju fjárlagaafgreiðslu hægri stjórnarinnar komin í algert óefni. Skuldahalinn nam eftir síðustu fjárlagaafgreiðslu 132.6 millj. kr., og miðað við þá fjárhæð, sem ætlunin mun að veita til Íþróttasjóðs að þessu sinni, og stöðu styrkhæfra framkvæmda um næstu áramót hækkar skuldahalinn í 198.8 millj. kr. Þótt ekki sé veitt ein einasta króna til þess að taka ný verkefni í fyrsta sinn í fjárlög, nemur fyrirhuguð fjárveiting, 130 millj. kr., einungis 43.5% af greiðsluþörf Íþróttasjóðs vegna þeirra mannvirkja, sem þegar hafa hlotið fjárveitingu í fjárlögum.

Gert er ráð fyrir, að gjaldfærður stofnkostnaður hjá Vegagerð ríkisins hækki um 586 millj. kr. frá núgildandi áætlun og lækki að raungildi líklega um 10%. Svo bág var staða Vegasjóðs við afgreiðslu vegáætlunar s.l. vor og framlög til vegaf framkvæmda svo fjarri því að vera viðunandi, að stjórnarflokkarnir treystu sér ekki til að sýna slíka niðurstöðu nema fyrir árið 1976, þótt skylt væri samkvæmt gildandi lögum að leggja fram framkvæmdaáætlun fyrir fjögur ár. Uppgjöfin er nú fullkomnuð með því, að stjórnarflokkarnir hafa gefist upp við að afgreiða vegáætlun fyrir næstu ár og ekki svo mikið sem sýnt tillögur að vegáætlun. Miðað við tölur í fjárlagafrv. mun þó enn dregið úr framkvæmdum á næsta ári.

Á sama tíma og fjárhagur Vegasjóðs er í rúst miðað við óleyst verkefni tekur ríkissjóður sífellt meiri tekjur af söluskatti af bensíni og bifreiðum. Þær tekjur ríkissjóðs hækka líklega um 400 millj. kr. á næsta ári og nema í heild 2 750 millj. kr. eða nokkru hærri upphæð en fastir tekjustofnar Vegasjóðs.

Ef bornar eru saman fjárveitingar til framkvæmda við hafnir sveitarfélaga á fjárlögum fyrir árið 1974 og væntanlegar fjárveitingar 1977 og þó sleppt í þeim samanburði fjárveitingum vegna sérstakra framkvæmda í Grindavík og Höfn í Hornafirði í fjárlögum 1974, vantar um 22.5% á fjárveitingu nú til þess að hún jafngildi fjárveitingu 1974. Sé á hinn bóginn einnig reiknað með fjárveitingu vegna framkvæmda í Grindavík og Höfn í Hornafirði 1974 þyrfti fjárveiting nú að vera um 70% hærri en er áformað til þess að vera jafngild. Séu bornar saman fjárveitingar til allra fiskiskipahafna 1974, þar með talinna landshafna, en þá var um sérstakar framkvæmdir að ræða í Þorlákshöfn, og hliðstæð fjárveiting á fjárlögum fyrir árið 1977, þyrfti fyrirhuguð fjárveiting að vera 112% hærri til þess að vera jafngild fjárveitingum á fjárlögum ársins 1974.

Þannig er að fjárveitingum til hafnarmála staðið nú, enda þótt flestum sé í fersku minni, að þegar sveitarstjórnarmenn fundu að því, að of miklum hluta fjár-

veitinga til hafnarframkvæmda væri varið til hafnargerða í Grindavík og Þorlákshöfn, þá var því lýst yfir af hálfu stjórnvalda að við lok þessara sérstöku framkvæmda yrði hlutur annarra fiskiskipahafna hækkaður að sama skapi.

Nú er þessum sérstöku framkvæmdum lokið og efndirnar blasa við: Sú upphæð, sem ætlunin er að veita til framkvæmda í fiskiskipahöfnum, þyrfti að hækka um 112% til þess að við fyrirheitin væri staðið. Upphæðin þyrfti jafnvel að vera um 210 millj. kr. hærrí nú en áformað er, einungis til þess að jafngilda þeirri upphæð sem áður var varið til hafnarframkvæmda sveitarfélaga, þegar hinar sérstöku framkvæmdir í Grindavík, Höfn í Hornafirði og Þorlákshöfn eru ekki reiknaðar með.

Jafnvel þótt minna fjármagni þurfi nú að verja til raforkuframkvæmda en áður, skal niðurskurður á framkvæmdum í þágu sveitarfélaga haldast. Allt staðfestir þetta rækilega þá skoðun sem sett var fram í nefndarálitni minni hl. fjvn. við afgreiðslu fjárlaga í fyrra, en þar sagði um þann niðurskurð framkvæmdaliða og félagslegrar þjónustu sem núgildandi fjárlög einkennast af: „Það fer ekki milli mála hverjir ráða ferðinni. Víst er að þeir aðilar í Sjálfstæðisflokknum og Framsóknarflokksnum, sem best ná saman um þá hægri stefnu sem nú er fylgt, miða engan veginn við það, að hér verði einungis um tímabundin úrræði að ræða, heldur varanlegar aðgerðir meðan hægri stjórnin hefur völdin.“

Afgreiðsla fjárlaga fyrir árið 1977 staðfestir í einu og öllu þetta mat á stefnu stjórnarflokksins, enda hefur hæstv. forsætisráðherra sérstaklega áréttað að stefna skuli að varanlegri minnkun samneyslu. Tilgangurinn er að sjálfsögðu fyrst og fremst sá að vernda gróðamyndunina í þjóðfélaginu og koma í veg fyrir að hún verði í einhverjum mæli færð til samfélagsins til að jafna aðstöðu og lífskjör þegnanna, hvar sem þeir búa í landinu.

Stefna ríkisstjórnarinnar við fjárlagaafgreiðslu og yfirlýsingar hæstv. forsætisráðherra eru í fullu samræmi við það, sem búast mátti við af ráðamönnum Sjálfstæðisflokksins. Æðimörgum almennum stuðningsmönnum Framsóknarflokksins mun hins vegar þykja með ólíkindum hversu auðveldlega þingflokkurinn teymist við hlið íhaldsins í þessu grundvallarstefnumáli, sem skilur milli hægri og vinstri flokka.

Þegar ríkisstjórn Sjálfstæðisflokksins og Framsóknarflokksins telur sig þurfa aukið fjármagn í ríkissjóð til að standa undir útþenslu rekstrargjalda langt umfram almennar verðbreytingar, er val hennar ávallt á einn veg: auknar álögur á almenning, 18% vörugjald og 20% söluskattur.

Vörugjaldið veldur upphleðslu álagningar og annarra þátta vöruverðs, og 20% söluskattur ofan á vörugjald, álagningu, flutningsgjald og aðra liði færir ríkissjóði drjúgan hluta af hverri grunnhækkun á vöru og þjónustu.

Nýlegar upplýsingar benda til þess, að innflutningsverð sé í æðimörgum tilfellum fengið með annarlegum hætti. Þegar verðákvörðun, sem þannig er fengin, lendir í hækkunarmaskínu ríkisálaga, er vítahringur verðlagsins fullkomnaður og hefur rýrt lífskjör almennings svo, að þau verða óbærilegri með hverju ári og réttir í engu við undir hægri stjórn, þótt ytri aðstæður batni að ráði.

Á sama tíma fæst ríkisstjórnin ekki til að ráða bót á þeim ákvörðunum í skattalögum, sem valda því m. a., að í Reykjavík greiða nær 500 fyrirtæki engan tekju-skatt á þessu ári af u. þ. b. 40 000 millj. kr. veltu, en það svarar til árstekna riflega 33 þús. einstaklinga með 100 þús. kr. mánaðartekjur.

Stefna ríkisstjórnarinnar er skýr: Skerðing samfélagslegra framkvæmda og félagslegrar þjónustu en verndun einkagróðans og forgangur einkafjármagnsins í framkvæmdum. Fjárlagafrv. ber þessari stefnu glöggvitni, bæði að því er varðar fjárveitingar til framkvæmda og skattheimtleiðir.

Þessa kjaraskerðingarstefnu ríkisstjórnarinnar hafa launþegar orðið að umbera í riflega tvö ár, en nú sjást þess hvarvetna merki, að henni verður ekki lengur unað. Hvarvetna búa launþegar sig undir baráttu til þess að hnekkja þessari kjara-

skerðingarstefnu. Almennigur mun ekki lengur una því að bera byrðarnar einn, samtímis því að ábatinn af bættum ytri aðstæðum rennur til skattfrjálsrar gróðastéttarinnar í landinu. Þess vegna er afgreiðsla fjárlaga á grundvelli áframhaldandi kjaraskerðingarstefnu óraunhæf með öllu.

Alþingi, 12. des. 1976.

Geir Gunnarsson,  
frsm.

Sighvatur Björgvinsson.

Helgi F. Seljan.